



BYGGÐASTOFNUN

Atvinnutekjur 2008-2018

eftir atvinnugreinum og landshlutum



Próunarsvið Byggðastofnunar nóvember 2019

Texti og gagnavinnsla: Sigurður Árnason

Gagnaöflun: Guðmundur Guðmundsson og Sigurður Árnason

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Fræðslustarfsemi	32
Fyrirvarar á niðurstöðum.....	6	Heilbrigðis- og félagsþjónusta.....	33
Helstu niðurstöður.....	7	Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	34
Framsetning gagna á myndrænu formi.....	11	Annað – bálkar S, T, U og X	35
Landið allt – þróun atvinnutekna eftir svæðum	12	Höfuðborgarsvæðið.....	36
Landið allt - þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum.....	14	Reykjavík.....	37
Landbúnaður	15	Kópavogur.....	39
Fiskeldi.....	17	Seltjarnarnes.....	41
Mannvirkjagerð.....	18	Garðabær	43
Iðnaður án fiskvinnslu	19	Hafnarfjörður	45
Fiskvinnsla	20	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	47
Veitur.....	21	Suðurnes	49
Verslun	22	Reykjanesbær	50
Ökutæki.....	23	Grindavík.....	52
Flutningar og geymsla.....	24	Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar	54
Gisting og veitingar	25	Vesturland	56
Upplýsingar og fjarskipti.....	26	Akranes og Hvalfjarðarsveit	57
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	27	Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppur.....	59
Fasteignaviðskipti	28	Snæfellsnes.....	61
Sérfræðileg starfsemi.....	29	Vestfirðir	63
Leiga og sérhæfð þjónusta.....	30	Norðanverðir Vestfirðir.....	64
Stjórnsýsla og almannatryggingar	31	Barðastrandar- og Strandasýsla.....	66
		Norðurland vestra	68
		Húnavatnssýslur	69

Skagafjörður	71	Skaftafellssýslur	86
Norðurland eystra	73	Vestmannaeyjar	88
Eyjafjörður án Akureyrar	74	Rangárvallasýsla	90
Akureyri	76	Árnessýsla án Árborgar, Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfus	92
Þingeyjarsýslur	78	Sveitarfélagið Árborg	94
Austurland	80	Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus	96
Austurland – norðurhluti	81	Viðauki	98
Austurland – suðurhluti	83		
Suðurland	85		

Inngangur

Samkvæmt gildandi byggðaaætlun¹ og samkvæmt lögum um Byggðastofnun² á stofnunin að fylgjast með byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar með úrvinnslu opinberra gagna og eigin gagnasöfnun. Í auknum mæli hefur stofnunin unnið að því að vinna svæðisbundna tölfræði, þ.e. að greina þá tölfræði sem er til niður á landshluta eða smærri einingar eftir því sem hægt er miðað við fyrirliggjandi gögn. Einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að hafa upplýsingar um eru atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Það er, að greina hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landsvæðum. Sömuleiðis að greina breytingar innan svæða á ákveðnu tímabili. Um er að ræða fjórðu skýrslu stofnunarinnar um atvinnutekjur eftir svæðum. Eldri skýrslur, Atvinnutekjur 2008-2015,³ Atvinnutekjur 2008-2016,⁴ og Atvinnutekjur 2008-2017⁵ má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Skýrslan byggir á gögnum sem fengin voru frá Hagstofu Íslands sem vann þau úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Um er að ræða sérvinnslu fyrir Byggðastofnun líkt og við vinnslu fyrri skýrslna. Gögnin innihalda staðgreiðslutekjur einstaklinga, þ.e. laun og reiknað endurgjald, hér eftir nefndar atvinnutekjur. Þetta eru ekki heildartekjur einstaklinga þar sem upplýsingarnar innihalda ekki greiðslur eins og bætur almannatrygginga, greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðra liði sem ekki teljast vera atvinnutekjur. Gögnin innihalda því heldur ekki hagnað af rekstri einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili einstaklinga en ekki lögheimili eða staðsetningu launagreiðanda. Segja má því að um sé að ræða atvinnutekjur íbúa ákveðins sveitarfélags eða svæðis.

Gögnin voru borin saman við staðtölur skatta frá Ríkisskattstjóra og reyndist áreiðanleiki samtalna gagnanna niður á svæði vera vel viðunandi. Sömuleiðis

¹ <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>.

² <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>.

³ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/atvinnutekjur_2008-2015.pdf.

⁴ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2016.pdf>

reyndist hlutfall atvinnutekna af heildarútsvarsstofni sveitarfélaga vera trúverðugt. Skipting milli atvinnugreina er unnin af Hagstofu Íslands. Líklegt er því að ónákvæmni í tölunum megi að einhverju leyti rekja til rangra eða ófullnægjandi skráninga hjá fyrirtækjum og búferlaflutninga einstaklinga innan hvers árs. Miklar og óútskýrðar breytingar eru láttnar standa en gerðar athugasemdir í kaflanum Fyrirvarar þar sem breytingar innan tímabils þykja ótrúverðugar.

Skýrslan er þannig uppbyggð að gögn eru fyrst og fremst sett fram á myndum með takmörkuðum texta. Í fyrstu skýrslunni, Atvinnutekjur 2008-2015, sem kom út árið 2016 og vísað var í hér að framan var farið yfir helstu breytingar sem urðu á því tímabili. Kaflaskipting skýrslunnar er þannig að fyrst verður farið yfir þróunina á landinu öllu og síðan hvern landshluta fyrir sig og hvert atvinnugreinasvæði í hverjum landshluta. Að lokum eru helstu niðurstöður teknar saman. Allar tölur í skýrslunni eru framreiknaðar á verðlag ársins 2018.

Við svæðagreiningu atvinnuteknanna voru skilgreind atvinnugreinasvæði. Við skilgreiningu þeirra var í fyrsta lagi horft til þess að þau fylgdu markalínum landshlutasamtaka sveitarfélaga (sóknaráætlanasvæðum), í öðru lagi að þau fylgdu markalínum sveitarfélaga og að svæðin væru ekki með færri en um 3.000 íbúa. Ástæða þess að miða við 3.000 íbúa er að talið var líklegt að með því að hafa svæði fámennari myndu upplýsingar um atvinnugreinar tapast vegna þess að ekki er heimilt að sýna gögn ef færri en sex starfa í atvinnugreininni á svæðinu. Undantekning á 3.000 íbúa reglunni er þó skipting Vestfjarða í svæði þar sem að Norðanverðir Vestfirðir eru teknir saman en Barðastrandarsýsla og Strandarsýsla teknar saman þó svo að síðarnefnda svæðið ná ekki 3.000 íbúum og er það breyting frá fyrri skýrslum.

⁵ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2017.pdf>

Skiptingin á milli landshluta er sem hér segir:

Höfuðborgarsvæðið: i) Reykjavíkurborg, ii) Seltjarnarnesbær, iii) Kópavogsbær, iv) Garðabær, v) Hafnarfjarðarkaupstaður og vi) Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Suðurnes: i) Reykjanesbær, ii) Grindavíkurbær og iii) Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar.

Vesturland: i) Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit, ii) Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð og iii) Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.

Vestfirðir: i) Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur, ii) Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Norðurland vestra: i) Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósibær, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd og ii) Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Norðurland eystra: i) Akureyrarkaupstaður, ii) Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakka-hreppur og iii) Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Austurland: i) Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur og ii) Fjarðabyggð og Djúpvogshreppur.

Suðurland: i) Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur, ii) Vestmannaeyjabær, iii) Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur, iv) Sveitarfélagið Árborg, v) Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og vi) Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær.

Atvinnugreinaskipting atvinnutekna byggir á bálkum ÍSAT2008. Að nokkru leyti er brugðið frá þeirri skiptingu. Bálki A var skipt upp í landbúnað, fiskveiðar og fiskeldi og Bálki C skipt upp í fiskvinnslu og aðra framleiðslu. Þá voru bálkar D og E sem innihalda veitur ýmiskonar sameinaðir í það sem er kallað veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs. Einnig voru bálkar B og F sameinaðir en þeir innihalda mannvirkjagerð og hvers konar efnistöku úr jörðu. Þá voru

fjórir síðustu bálkarnir sameinaðir, S, T, U og X, í annað. Bálki G verslun og viðgerðir ökutækja var hins vegar skipt upp í verslun og ökutæki. Sjá nánar um ÍSAT 2008 í viðauka.

Skipting á milli atvinnugreina er því eftirfarandi:

- Fiskveiðar
- Fiskeldi
- Landbúnaður
- Mannvirkjagerð
- Fiskvinnsla
- Iðnaður
- Veitur
- Ökutæki
- Verslun
- Flutningar og geymsla
- Gisting og veitingar
- Upplýsingar og fjarskipti
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi
- Fasteignaviðskipti
- Sérfræðileg starfsemi
- Leiga og sérhæfð þjónusta
- Opinber stjórnsýsla
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Menning, íþróttir og tómstundir
- Annað

Fyrirvarar á niðurstöðum

Í nokkrum tilvikum eru einstaka niðurstöður ekki trúverðugar eða þyrftu a.m.k. nánari skoðunar við. Líklegt er því að ónákvæmni í tölunum megi að einhverju leyti rekja til rangra eða ófullnægjandi skráninga hjá fyrirækjum eða stofnunum eða breytingum á ISAT skráningu hjá viðkomandi launagreiðanda.

Í þessum tilvikum eru tölurnar látnar standa. Hér að neðan eru tiltekin nokkur atriði sem ekki þykja trúverðug og er lesandinn beðinn um að hafa það í huga við lestur og túlkun gagnanna.

- ✓ Ökutæki – samdráttur á Norðurlandi vestra um 26,3% og veruleg aukning í verslun á sama svæði.
- ✓ Menningar- íþrótt- og tómstundastarfsemi – samdráttur á Suðurnesjum um 40,3%.
- ✓ Suðurnesjabær og Vogar – mikill samdráttur í Fræðslustarfsemi og mikil aukning í Stjórnsýslu og almannatryggingum á milli áráanna 2017 og 2018.
- ✓ Norðanverðir Vestfirðir – allmikill samdráttur í stjórnsýslu og almannatryggingum og mikil aukning í heilbrigðis- og félagsmálum á tímabilinu 2008-2018
- ✓ Skagafjörður – mikill samdráttur í stjórnsýslu og almannatryggingum á milli áráanna 2017 og 2018 og allnokkur aukning í heilbrigðis- og félagsmálum.

Helstu niðurstöður

Landið allt

Heildaratvinnutekjur á árinu 2018 námu 1.316 milljörðum kr. sem var aukning um tæplega 64 milljarða kr. frá árinu 2017 eða sem nemur 4,9%. Frá 2008 hafa atvinnutekjur á landinu öllu aukist um 256 milljarða kr. eða um 24%. Heildaratvinnutekjur jukust í öllum landshlutum nema á Austurlandi á tímabilinu 2008 til 2018 þar sem þær stóðu í stað. Skýringin er að í upphafi tímabilsins voru stórframkvæmdir vegna stóriðjuuppbyggingar enn í gangi á svæðinu. Mest var aukningin á Suðurnesjum þar sem atvinnutekjur jukust um tæplega 53%. Þá varð þriðjungsaukning á Suðurlandi og í kringum 20% aukning á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og Vesturlandi. Fyrir utan Austurland var aukningin minnst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, sitthvorum megin við 12%.

Stærstu greinar mældar í atvinnutekjum árið 2018 voru heilbrigðis- og félagsþjónusta með tæpa 139 milljarða kr., fræðslustarfsemi með 124 milljarða kr., iðnaður með 120 milljarða kr., verslun með 118 milljarða kr. og flutningar og geymsla með 107 milljarða kr.

Mest aukning á tímabilinu 2008-2018 var í greinum tengdum ferðaþjónustu. Það er í flutningum og geymslum um 49 milljarða kr. (84%), gistingu og veitingum um 38,5 milljarða kr. (151%) og í leigu og sérhæfðri þjónustu um 33 milljarða kr. (130%). Veruleg aukning í atvinnutekjum varð einnig í opinberum greinum eins og heilbrigðis- og félagsþjónustu um tæpa 33 milljarða kr. (31%) og í fræðslustarfsemi um tæpa 24 milljarða kr. (23,5%). Þá jukust atvinnutekjur í iðnaði um 20 milljarða kr. (20%).

Samdráttur varð í tveimur greinum, fjármála- og váttryggingastarfsemi þar sem atvinnutekjur á tímabilinu 2008-2018 lækkuðu um 26 milljarða kr. (-29%) og í fiskveiðum um 6,6 milljarða kr. (-13%).

Á tímabilinu 2008-2012 lækkuðu heildaratvinnutekjur alls staðar nema í Vestmannaeyjum þar sem þær jukust um ríflega 12%. Minnst varð lækkunin á

svæðum sem byggja mikið á sjávarútvegi, en það voru Grindavík, Snæfellsnes og Skaftafellssýslur. Á tímabilinu 2012-2018 hækkuðu heildaratvinnutekjur hins vegar á öllum svæðum. Minnst í Vestmannaeyjum um 0,5% en mest í Reykjanesbæ þar sem þær tvöfölduðust á tímabilinu.

Hlutfall atvinnutekna kvenna á landinu öllu var 40,0% á árinu 2018 sem er hækkun um 3,3% frá árinu 2008 þegar að þær voru 36,7%. Í kjölfar hrunsins hækkaði hlutfall atvinnutekna kvenna í 39,1% og hefur síðan verið á bilinu 39-40%.

Höfuðborgarsvæðið

Heildaratvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2018 námu 877 milljörðum kr. sem var aukning um 39 milljarða frá fyrra ári sem er aukning um 4,7%. Frá árinu 2008 jukust atvinnutekjur á svæðinu um 167 milljarða kr. sem er aukning upp á 23,5% sem er nálægt landsmeðaltali.

Meðalatvinnutekjur árið 2018 á höfuðborgarsvæðinu voru hæstar í Garðabæ og á Seltjarnarnesi en lægstar í Reykjavík og Hafnarfirði. Hlutfall atvinnutekna kvenna á höfuðborgarsvæðinu var rúmlega 41% á árinu 2018. Hæst var hlutfall atvinnutekna kvenna í Reykjavík, 42% en lægst í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi ríflega 39%. Á landinu öllu var hlutfall atvinnutekna kvenna af heild 40% árið 2018 en var tæplega 37% árið 2008.

Stærstu greinar mældar í atvinnutekjum árið 2018 á höfuðborgarsvæðinu öllu voru heilbrigðis- og félagsþjónusta en þar næstar á eftir komu verslun og fræðslustarfsemi. Nokkur munur var á röðun greina eftir sveitarfélögum á svæðinu. Þannig var fjármála- og váttryggingastarfsemi stærsta greinin á Seltjarnarnesi og þriðja stærsta greinin í Garðabæ þar sem að flutningar og geymsla mældist stærsta greinin mæld í atvinnutekjum. Í Hafnarfirði var það hins vegar iðnaður sem var með mestu atvinnutekjurnar en iðnaður var þriðja stærsta greinin í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.

Suðurnes

Heildaratvinnutekjur á Suðurnesjum á árinu 2018 námu 94 milljörðum kr. sem var aukning um 8,6 milljarða kr. frá fyrra ári sem er aukning upp á 10%. Samtals jukust atvinnutekjur á Suðurnesjum um 32,5 milljarða kr. frá árinu 2008 eða um tæp 53% sem var langt yfir landsmeðaltali sem var ríflega 24%.

Meðalatvinnutekjur á Suðurnesjum voru heldur lægri en landsmeðaltal. Reykjanesbær og Grindavík eru við meðaltal svæðisins á meðan Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar voru nokkru neðar. Hlutfall atvinnutekna kvenna á Suðurnesjum var 36% á árinu 2018 nema í Grindavík þar sem hlutfallið var aðeins 33%.

Langstærsta atvinnugreinin á Suðurnesjum mæld í atvinnutekjum var flutningar og geymsla og þar á eftir kemur leiga og sérhæfð þjónusta en báðar greinarnar byggjast að miklu leyti á ferðaþjónustu og þar af leiðandi á starfsemi sem tengist Keflavíkurflugvelli. Þetta voru einnig þær greinar sem mestur vöxtur hefur verið í undanfarin ár. Grindavík er undantekning á svæðinu en þar eru fiskveiðar og fiskvinnsla langstærstu greinarnar.

Vesturland

Heildaratvinnutekjur á Vesturlandi á árinu 2018 námu 57,5 milljörðum kr. sem var aukning upp á 3,4 milljarða kr. frá fyrra ári sem gerir aukningu upp á 6,3%. Frá árinu 2008 hafa atvinnutekjur á svæðinu aukist um 9,4 milljarða kr. eða 19,5% sem er nokkuð undir landsmeðaltali.

Meðalatvinnutekjur á Vesturlandi voru heldur lægri en landsmeðaltal á árinu 2018. Ef hins vegar er litið til einstakra svæða sést að meðalatvinnutekjur á suðursvæðinu, Akranes og Hvalfjarðarsveit, voru á pari við landsmeðaltal og Snæfellsnesið aðeins undir því. Borgarbyggð, Dalir og Skorradalshreppur mældust hins vegar með meðalatvinnutekjum sem aðeins voru 82% af landsmeðaltali.

Hlutfall atvinnutekna kvenna á Vesturlandi var 36,7% á árinu 2018 sem er nokkuð undir landsmeðaltali. Suðursvæðið var með heldur lægra hlutfall en Borgarbyggð, Dalir og Skorradalshreppur með mun hærra hlutfall eða 40%.

Stærsta atvinnugreinin á Vesturlandi mæld í atvinnutekjum var iðnaður, sérstaklega á það við um suðursvæðið þar sem hann er yfirgnæfandi. Á svæðinu sem inniheldur Borgarbyggð, Dali og Skorradalshrepp koma fræðslumál fast á hæla iðnaðarins. Á Snæfellsnesi voru það fiskveiðar sem er langstærsta greinin og fiskvinnsla þar á eftir.

Vestfirðir

Heildaratvinnutekjur á Vestfirðum á árinu 2018 námu 24,7 milljörðum kr. sem var aukning upp á 1,2 milljarð kr. eða 5,2% frá fyrra ári. Frá árinu 2008 hafa atvinnutekjur á svæðinu aukist um tæplega 2,8 milljarða kr. eða 12,6% sem er ríflega helmingur af landsmeðaltali.

Meðalatvinnutekjur á Vestfirðum voru heldur lægri en landsmeðaltal. Norðanverðir Vestfirðir voru sjónarmun hærra en Barðastrandar- og Strandasýslur. Hlutfall atvinnutekna kvenna á Vestfirðum var tæplega 38% en ekki var marktækur munur á milli svæða. Það er aðeins undir landsmeðaltali.

Fiskveiðar og fiskvinnsla voru stærstu atvinnugreinar svæðisins mældar í atvinnutekjum árið 2018 en í næstu sætum þar á eftir komu stjórnsýsla og almannatryggingar, heilbrigðis- og félagsmál og fræðslumál. Á sunnanverðum Vestfirðum hafa tekjur af fiskeldi aukist verulega og reyndust vera tæplega 900 milljónir kr. á árinu 2018, litlu minni en atvinnutekjur af fiskveiðum á svæðinu sem inniheldur Barðastrandar- og Strandasýslu og nokkru meiri en atvinnutekjur af fiskvinnslu.

Norðurland vestra

Heildaratvinnutekjur á Norðurlandi vestra á árinu 2018 námu 22,4 milljörðum kr. á árinu 2018 og höfðu aukist um tæpan milljarð frá árinu á undan eða um 4,5%. Frá árinu 2008 hafa atvinnutekjur á svæðinu aukist um 2,3 milljarða kr. eða um 11,6% sem innan við helmingur af landsmeðaltali.

Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi vestra eru aðeins 83% af landsmeðaltali. Í Húnavatnssýslum er hlutfallið 77% en 88% í Skagafirði. Hlutfall atvinnutekna kvenna á svæðinu var 41% á árinu 2018 sem er aðeins yfir landsmeðaltali. Í Húnavatnssýslum var það 43,6% en tæp 40% í Skagafirði.

Stærstu atvinnugreinar á Norðurlandi vestra mældar í atvinnutekjum voru fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsmál. Þar á eftir voru stjórnsýsla- og almannatryggingar og verslun. Þá má nefna að 14,5% allra atvinnutekna af landbúnaði komu af Norðurlandi vestra.

Norðurland eystra

Heildaratvinnutekjur á Norðurlandi eystra á árinu 2018 námu 102 milljörðum kr. og höfðu aukist um 3,1 milljarð kr. frá fyrra ári eða um 3,2%. Frá árinu 2008 hafa atvinnutekjur aukist á svæðinu um 17,7 milljarða kr. eða um tæplega 21% sem er aðeins undir landsmeðaltali.

Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi eystra voru um 90% af landsmeðaltali. Akureyri var á meðaltalinu en Eyjafjörður án Akureyrar heldur undir meðaltali landshlutans. Þingeyjarsýslurnar voru yfir meðaltali landshlutans sem er breyting frá árinu 2008 þegar meðaltekjurnar voru lægstar þar.

Hlutfall atvinnutekna kvenna á Norðurlandi eystra var 38,2% á árinu 2018 sem er undir landsmeðaltali. Hlutfallið er heldur hærra á Akureyri en í Þingeyjarsýslum og í Eyjafirði án Akureyrar.

Stærstu atvinnugreinar á svæðinu á árinu mældar í atvinnutekjum voru heilbrigðis- og félagsþjónusta og fræðslustarfsemi en þar á eftir komu iðnaður

og mannvirkjagerð. Í Eyjafirði án Akureyrar var fiskvinnsla stærsta greinin og iðnaður næst stærstur og í Þingeyjarsýslum var mannvirkjagerð og iðnaður stærstur. Líklega er það vegna framkvæmda við iðnaðaruppbyggingu á Bakka við Húsavík.

Austurland

Heildaratvinnutekjur á Austurlandi á árinu 2018 námu tæpum 40 milljörðum kr. sem var aukning um 1,5 milljarð kr. frá árinu áður eða 3,9%. Frá árinu 2008 hafa atvinnutekjur á svæðinu hins vegar dregist lítilsháttar saman. Það er hins vegar ekki marktækt fyrir svæðið þar sem að viðmiðunarárið 2008 er inni á tíma stórfamkvæmdanna á Austurlandi. Frá árinu 2012 hafa atvinnutekjur aukist um 21,8% sem er tæplega helmingur af landsmeðaltali þess tímabils.

Meðalatvinnutekjur á Austurlandi á árinu 2018 voru aðeins yfir landsmeðaltali. Mikill munur var hins vegar á svæðunum tveimur. Suðursvæðið var 10% yfir landsmeðaltali á meðan norðursvæðið var um 9% undir landsmeðaltali. Hlutfall atvinnutekna kvenna var 34,6% á Austurlandi á árinu 2018 sem er verulega undir landsmeðaltali. Í norðurhlutanum var hlutfallið tæplega 32% en ríflega 38% í suðurhlutanum.

Stærstu atvinnugreinar í landshlutanum voru iðnaður og sjávarútvegur. Nokkur munur er á svæðunum tveimur þó að iðnaður sé í báðum tilvikum með mestar atvinnutekjur. Í norðurhlutanum kemur opinber starfsemi, það er fræðslustarfsemi, stjórnsýsla og almannatryggingar og heilbrigðis- og félagsþjónusta næst á eftir iðnaðinum. Í suðurhlutanum er það sjávarútvegurinn, með fiskveiðar og fiskvinnslu sem var næst á eftir iðnaðinum.

Suðurland

Heildaratvinnutekjur á Suðurlandi á árinu 2018 námu 98 milljörðum kr. og höfðu aukist um tæpa 5,9 milljarða kr. frá árinu áður eða um 6,4%. Frá árinu

2008 hafa atvinnutekjur aukist um 24,7 milljarða kr. eða um 33,7% eða tæplega 10% meira en landsmeðaltal.

Meðalatvinnutekjur á Suðurlandi á árinu 2018 voru um 90% af landsmeðaltali. Lægstar voru þær í Árnes- og Rangárvallasýslu þar sem þær voru 85-87% af landsmeðaltali. Í Vestmanneyjum voru þær í kringum landsmeðaltal en nokkuð yfir landsmeðaltali í Skaftafellssýslum. Rétt er að hafa ákveðinn fyrirvara á þeim tölum vegna hás hlutfalls erlendra ríkisborgara á vinnualdri á þessu svæði.

Hlutfall atvinnutekna kvenna var 38,2% á árinu 2018 sem er aðeins undir landsmeðaltali. Hæst var hlutfallið í Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu, tæplega 42% en lægst í Vestmannaeyjum 31%.

Stærstu atvinnugreinar á Suðurlandi árið 2018 voru fræðslustarfsemi, gisting og veitingar, iðnaður, mannvirkjagerð og heilbrigðis- og félagsþjónusta. Mikill breytileiki var hins vegar milli svæða í landshlutanum. Í Skaftafellssýslu voru gisting og veitingar langstærsta greinin, mun stærri en fiskveiðar og fiskvinnsla samanlagt. Í Vestmanneyjum voru fiskveiðar og fiskvinnsla hins vegar yfirgnæfandi atvinnugreinar mældar í atvinnutekjum. Í Árnessýslu var iðnaður, mannvirkjagerð og opinber þjónusta meira áberandi að ógleymdum landbúnaði sem var stærsta greinin í Árnessýslu utan Árborgar, Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss. Tæplega 40% af atvinnutekjum í landbúnaði komu frá Suðurlandi.

Framsetning gagna á myndrænu formi

Lýsing á tölfraeðilegum upplýsingum getur oft verið leiðigjörn og þurr lesning þrátt fyrir að um áhugaverðar upplýsingar sé að ræða. Því getur verið betra að skoða upplýsingar á myndrænan hátt. Hér á eftir verða gögn um atvinnutekjur eftir svæðum og atvinnugreinum sett fram á myndrænan hátt þannig að lesandinn geti skoðað landið í heild, einstaka landshluta eða einstök atvinnugreinasvæði. Uppsetningin er þannig að fyrst er farið yfir landið allt, þá hvern og einn landshluta og undir landshlutaköflunum atvinnugreinasvæði.

Í kaflanum Landið allt

- Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2008-2018
- Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2017-2018
- Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2008-2012
- Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2012-2018.

Í kaflanum Þróun atvinnutekna eru eftirfarandi myndir fyrir hverja og eina atvinnugrein:

- Þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.
- Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.
- Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.
- Breytingar á heildaratvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2018.

Undir hverjum og einum landshluta eru eftirfarandi myndir:

- Meðalatvinnutekjur árin 2008 og 2018 eftir svæðum innan landshlutans. Þetta eru heildaratvinnutekjur deilt með meðalmannfjölda hvers árs.
- Stærstu atvinnugreinar árið 2018, raðað eftir heildaratvinnutekjum í hverri grein.
- Þróun hlutfalls atvinnutekna kvenna af heild árin 2008-2018. Heildaratvinnutekjur kvenna deilt með heildaratvinnutekjum allra.


- Hlutfall atvinnutekna kvenna af heild eftir svæðum 2008 og 2018. Heildaratvinnutekjur kvenna deilt með heildaratvinnutekjum allra.

Undir hverju atvinnugreinasvæði eru eftirfarandi myndir:


- Þróun heildaratvinnutekna tímabilið 2008-2018 í milljónum kr.
- Þróun atvinnutekna á íbúa tímabilið 2008-2018 í milljónum kr. Heildaratvinnutekjur deilt með meðalmannfjölda hvers árs. Þróunin er borin saman við landshlutann og landið allt.
- Hlutfall atvinnutekna í hverri atvinnugrein árið 2018. Hlutfall atvinnutekna í atvinnugrein á viðkomandi svæði.
- Þróun hlutfalls atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum. Heildaratvinnutekjur kvenna deilt með heildaratvinnutekjum allra.
- Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina árið 2018 í milljónum kr.
- Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina árið 2008 í milljónum kr.
- Breyting á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2018 í milljónum kr.
- Breyting á atvinnutekjum á milli árunna 2017 og 2018 í milljónum kr.

Landið allt – þróun atvinnutekna eftir svæðum


Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2008-2018




Breyting heildaratvinnutekna eftir svæðum árin 2017-2018



Breyting heildarvinnutekna eftir svæðum árin 2008-2012




Breyting heildarvinnutekna eftir svæðum árin 2012-2018




Landið allt - þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum


Þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Landbúnaður


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli árana 2008 og 2018




Fiskveiðar


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Fiskeldi


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Mannvirkjagerð


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Iðnaður án fiskvinnslu


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Fiskvinnsla


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Veitur


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.



Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Verslun


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Ökutæki


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Flutningar og geymsla


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Gisting og veitingar


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.



Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Upplýsingar og fjarskipti


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Fjármála- og váttryggingastarfsemi


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




Breytingar á heildaratvinnutekjum milli ára 2008 og 2018




Fasteignaviðskipti


Umfang og þróun atvinnutekna 2008-2018 í milljónum kr.




Heildaratvinnutekjur 2008 og 2018 eftir landshlutum í milljónum kr.



Þróun atvinnutekna eftir árum, árin 2008-2018 í milljónum kr.




